



# Olweusakönnun- og líðanviðtöl 2018-2019

Sjálfsmat Grunnskóla Húnaþings vestra

## Efnisyfirlit

Nemendaviðtöl 1. – 4. bekkjar .....	1
Olweusarkönnun 5. – 10. bekkjar.....	2
Vinna í kjölfar samantektar og úrbætur .....	5

Hér á eftir má finna helstu niðurstöður við greiningu á gögnum sem eru hluti sjálfsmats skólans. Þessi gögn snúa annars vegar að nemendaviðtölum í 1. – 4. bekk og hins vegar rafrænni Olweusarkönnun um líðan og einelti í 5. – 10. bekk. Einnisteymi hefur unnið úr gögnunum.

## Nemendaviðtöl 1. – 4. bekkjar


Í nemendaviðtölum í 1. – 4. bekk er meðal annars spurt um stríðni, líðan og hvort þau hafa einhvern til að leika við eða vinna með. Fram kemur í niðurstöðum að allir nemendur eru nefndir sem vinir eða vinnufélagar sem er mjög góð niðurstaða. Örfáir telja að einhverjum líði illa en helstu niðurstöður má sjá á meðfylgjandi töflu þar sem fram kemur að engum nemanda á þessu aldursbili líður illa í skólanum. Heildarniðurstaða er því afar jákvæð um líðan nemenda í 1. – 4. bekk.

Tafla 1 – Líðan nemenda í 1. – 4. bekk




## Olweusarkönnun 5. – 10. bekkjar

Tafla 2 – Líðan nemenda – 5. – 10. bekkur



Á þessari töflu kemur fram að 95% nemenda í skólanum líður vel. Færri nemendum líður ver en á samanburðarárum.

Tafla 3 - Einelti




Nemendum sem svara því til að verða fyrir einelti oft í viku eða einu sinni í viku fjölgar. Það vekur athygli þegar gögnin eru skoðuð, til dæmis í töflu 4 hér að neðan að þeir sem verða oftast fyrir einelti segja frá því að það felist í barsmíðum, rífið í hár, hrint eða vera lokaður inni. Það kemur á óvart þar sem sú tegund eineltis er auðþekkjanlegust en í skólanum verðum við ekki vör við hana. Það skal taka fram að það virðast vera 1 – 2 nemendur sem svara alltaf á neikvæðasta mögulegan hátt og setja þarf spurningu við það hvort þeir svari viljandi rangt eða eineltið fari fram annars staðar en í skólanum. Í samanburði við landsmeðaltal er einelti í skólanum í sögulegu lágmarki. Í samantekt úr nemendakönnun skólupúlsins kom eftirfarandi fram á bls 4:


Þegar skoðuð eru svör sem snúa að einelti og tíðni eineltis er það gleðiefni að mjög lítið einelti mælist og tíðni þess er áberandi minni en á landsvísu. Á hinn boginn koma fram svör í bekkjum sem eineltisteymið vill skoða nánar og kemur ekki heim og saman við þekkingu okkar á nemendahópnum og hugsanlega geta leynst 1-3 nemendur sem verða fyrir einhverju áreiti sem við vitum ekki af. Af því tilefni verður farið strax í eineltiskönnun samkvæmt Olweusaráætluninni til að reyna að greina þessa þætti betur og finna þá nemendur sem hugsanlega verða fyrir áreiti af hálfu annarra.

Þegar þetta er metið út frá hvers konar einelti á sér stað kemur það ekki heim og saman við það að þetta gerist í skólanum, þar sem eineltið er líkamlegt og ætti því að vera áberandi. Olweusarkönnunin spyr ekki um staði utan skólans. Við getum séð í hvaða bekkjum nemendur telja sig verða fyrir einelti og af hvaða kyni og það verður skoðað í umræðuhópum og af eineltisteyminu áfram.

Tafla 4 – Hvernig einelti




Tafla 5 – Hversu lengi einelti hefur varað?




Ef tölurnar á bak við þessa töflu eru skoðaðar virðist sem einelti hafi þrífist lengi hjá 8 nemendum. Það kemur ekki heim og saman við fjölda nemenda sem svara til um einelti undanfarna mánuði, eða við þau mál sem eineltisteymi hefur unnið með og lokað. Vert er að leggja mat á hvort þeir sem svara þessu séu að rifja upp eldri mál sem er lokið eða vísa til eineltis sem fer fram utan skóla. Þessi þáttur verður metinn sérstaklega í umræðuhópum og af eineltisteymi.

Tafla 6 – Hefur þú lagt aðra í einelti?




Tafla 7. – Umsjónarkennarar.



Tölur um hvað umsjónarkennarar gera til að koma í veg fyrir einelti hafa lítið breyst á undanförunum árum þrátt fyrir töluverða umræðu meðal kennara, skipulagða vinnu eineltisteymis og skráningu bekkjarfunda. Vert er að benda á að mikill meirihluti nemenda segist ekki hafa orðið fyrir einelti (95%) og því er hugsanlegt nemendur upplifi að ekkert sé gert þegar ekki þarf að taka á málum. Í úrvinnslu verður tekið saman hvað umsjónarkennarar gera og þessi þáttur skoðaður í starfsmannaviðtölum í mars.

Tafla 8 – Einelti á neti eða í síma.



7% nemenda segjast hafa orðið fyrir einelti á neti eða í síma, það eru 8 nemendur. Aðeins einn nemandi segist verða fyrir því oft í viku en aðrir „bara mjög sjaldan“. Sími og net virðist því ekki eiga við þá nemendur sem verða fyrir einelti oft í viku. Þessi niðurstaða rennir stoðum undir það að mál sem eineltisteymi hefur unnið með eftir áramót, og varða síma- og netnotkun, hafi ekki staðið yfir í langan tíma.

## Vinna í kjölfar samantektar og úrbætur

- Tengslakönnun framkvæmd þar sem fram kemur einelti.
- Allir starfsmenn í vinnuhópum þar sem rætt verður:
  - Um alla nemendur og samskipti þeirra, reynt að greina út frá reynslu starfsmanna hverjir gætu átt í hlut út frá niðurstöðum könnunar. Rætt er um bekkir þess umsjónarkennara sem sitja í hverjum hóp.
  - Um að einelti hafi þrífist lengi hjá 8 nemendum. Það kemur ekki heim og saman við fjölda nemenda sem svara til um einelti undanfarna mánuði, eða við þau mál sem eineltisteymi hefur unnið með og lokað. Vert er að leggja mat á hvort þeir sem svara þessu séu að rifja upp eldri mál sem er lokið eða vísa til eineltis sem fer fram utan skóla. Þessi þáttur verður metinn sérstaklega í umræðuhópum og af eineltisteymi.
- Ræða niðurstöður könnunar, hvað gera umsjónarkennarar til að koma í veg fyrir einelti?

Eiríkur Steinarsson

Eydís Ósk Indriðadóttir

Kristín Ólöf Þórarinsdóttir

Sigurður Þór Ágústsson

